

19. JÚLÍ 2021



Kópavogsbær

Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

Mólsnr.: 0210 F179
Bæjarskrifstofur Mosfellsbæjar

19. JÚLÍ 2021

Mosfellsbær

Þverholti 2
270 Mosfellsbæ

Kópavogi, 14. júlí 2021
210616547/510.00 ADK

Málolykill: 26.2

Suðurlandsvegur, lagning strengja. Beiðni um framkvæmdaleyfi.

Á fundi skipulagsráðs Kópavogs 5. júlí sl. var lögð fram umsókn Verkís fh. Veitna ohf. um framkvæmdaleyfi til lagningar 11 kV rafstrengs, Lögbergslínu, nærrí Suðurlandsvegi um Hellisheiði. Strengnum er ætlað að taka við hlutverki núverandi loftlínu sem verður tekin niður í kjölfarið. Framkvæmdin er á um 16,5 km löngum kafla og nær yfir land Kópavogsbæjar og Sveitarfélagsins Ölfus. Þar af er leiðin 10 km löng innan Kópavogsbæjar. Umsókninni fylgir greinargerð og uppdraettir í mkv. 1:35000 og 1:5000 dags. 25. júní 2021 ásamt fylgigögnum.

Skipulagsráð samþykkir með tilvísan í 8. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012 og 44. skipulagslaga nr. 123/2010 að grenndarkynna ofangreinda umsókn um framkvæmdaleyfi fyrir hagsmunaðilum og umsagnaraðilum.

Kynningargögn eru aðgengileg á heimasiðu Kópavogsbæjar
<https://www.kopavogur.is/is/ibuar/skipulagsmal/skipulag-i-kynningu>

Frestur til að gera athugasemdir við tillöguna er til kl. 16:00, 18. ágúst 2021.

Ábendingum og athugasemdum við framlagða tillögu skal skila skriflega til skipulagsdeildar, Digranesvegi 1, 200 Kópavogi eða með tölvupósti á skipulag@kopavogur.is.

Vakin er athygli á 44. gr. skipulagslaga 123/2010 en þar segir meðal annars:

- Þegar sótt er um byggingar- eða framkvæmdaleyfi fyrir framkvæmd sem er í samræmi við landnotkun, byggðamynstur og þéttleika byggðar í þegar byggðu hverfi og deiliskipulag liggur ekki fyrir eða um er að ræða óverulega breytingu á deiliskipulagi skal skipulagsnefnd láta fara fram grenndarkynningu.
- Grenndarkynning felst í því að skipulagsnefnd kynnir nágrönnum sem taldir eru geta átt hagsmuna að gæta leyfisumsókn eða tillögu að breytingu á skipulagsáætlun og gefur þeim kost á að tjá sig um hana innan tilskilins frests sem skal vera a.m.k. fjórar vikur. Að þeim fresti liðnum og þegar sveitarstjórn hefur afgreitt málíð skal þeim sem tjáðu sig um það tilkynnt niðurstaða sveitarstjórnar. Þegar um óverulega breytingu á deiliskipulagi er að ræða sendir sveitarstjórn Skipulagsstofnun samþykkta deiliskipulagsbreytingu.
- Skipulagsnefnd er heimilt að styttu tímabil grenndarkynningar ef þeir sem hagsmuna eiga að gæta, sbr. 1. mgr., hafa lýst skriflega yfir með áritun sinni á kynningargögn áður en fjórar vikur eru liðnar að þeir geri ekki athugasemdir við skipulagstillöguna eða hina leyfisskyldu framkvæmd. Skipulagsnefnd er heimilt að falla frá grenndarkynningu ef sýnt er fram á að breytingu á deiliskipulagi eða leyfisskyld framkvæmd varði ekki hagsmuni annarra en sveitarfélagsins og/eða umsækjanda.
- Þegar um er að ræða óverulega breytingu á deiliskipulagi skal sveitarstjórn birta auglýsingum um samþykkt deiliskipulags í B-deild Stjórnartíðinda. [Hafi auglýsing um óverulega breytingu á deiliskipulagi ekki verið birt í B-deild Stjórnartíðinda innan árs frá samþykki sveitarstjórnar telst breytingin ógild.]¹⁾

Virðingarfyllst,

Auður D. Kristinsdóttir

Auður Dagný Kristinsdóttir
Skipulagsfulltrúi

Samrit sent Verkís, Veitum, Svifflugufélagi Íslands, Isavia, Vegagerðinni, Minjastofnun, Umhverfisstofnun, Skogræktarfélagi Kópavogs, Náttúrufræðistofu Kópavogs, sveitarfélögumnum Ölfusi og Mosfellsbæ.
Kynningargögn er hægt að nálgast á heimasiðu Kópavogsbæjar:
www.kopavogur.is/ / [Þjónusta](#) / [Umhverfi](#) og [skipulag](#) / [Skipulagsmál](#) / [Skipulag í kynningu](#)

Næsti fundur skipulagsráðs er áætlaður 16. ágúst 2021.